

# Vetrarmynd

Áð Kjarvalsstöðum hefur undanfarnar vikur staðið yfir fjölbreytt sýning ellefu myndlistarmanna og lýkur henni nú um helgina. Er hér um að ræða samtökin „Vetrarmynd“ er sýna nú í þriðja sinn. Eiginlega er ekki hægt að nefna þetta listhóp, heldur er hér á ferð ákveðinn sundurleitur kjarni myndlistarmanna, sem hefur það að stefnumarki að halda sýningar árlega og stokka upp spilin hverju sinni þannig að hver sýning fái jafnan nýtt og ferskt yfirbragð.

Með þetta í huga bjóða þeir hverju sinni hinum ólíkustu listamönnum að vera með, jafnframt því, sem þeir sjálfir skiptast á að sýna. Svo sem vænta má gildir engin algild afmörkuð regla um val þeirra sem hlotnast hefurinn, a.m.k. ekki enn sem komið er og hvað sem síðar verður. Í ár hafa aðstandendur þó tekið þá stefnu, að bjóða nær eingöngu yngri framúrsteffu-listamönnum en viðkomandi eru þó allir mjög ólíkir innbyrðis í listsköpun sinni. Ákvörðunin er mjög umdeilanleg að því leyti að boðsgestirnir mynda einmitt þá samstæðu sýningarheild, sem

Þrátt fyrir allt þykir fyrirtækið „undarleg blanda“ eins og ýmsir myndlistarmenn hafa orðað það, en það er nú einmitt sérstæða þess, veikleiki og styrkur.

Er inn í vestri sal er komið, blasa við gestinum stór olíumálverk eftir Hring Jóhannesson í fínlegum og nostursamlegum

## Myndlist

eftir BRAGA  
ÁSGEIRSSON


vinnubrögðum. Stíll Hringa er auðþekkjanlegur og myndir hans koma ekki lengur skoðandanum á óvart né í opna skjöldu, — hér er allt klárt, slétt og á hreinu. Þótt þetta sé í sjálfu sér allt í lagi, saknar maður meiri átaka við efniviðinn, — dálitlu af blóði og slagsmálum. Sérstæða Hringa er þó ótvíræð og í mynd hans

teikningar þrúgnar fjöri, gáska, sprelli og spé, — alls óhræddur við undirtektir fjöldans. Best þykir mér honum takast er hann rissar upp lostafullar línur kvenlíkamans svo sem í myndunum „Skáldkonan“ (8) og „Leirkerasmiður II“. Þær myndir þykja mér a.m.k. hrifmestar og deili enda aðdáun höfundarins á myndefninu og þeim frygðarlegu línunum er það framkallar.

Bragi Hannesson virðist mæta sterkari til leiks með hverju ári og er óðast að þróa með sér persónuleg einkenni. Um það eru t.d. myndir hans „Í Landeyjum“ (17) og „Úr Þórs-mörk“ til vitnis. Tök hans á olíulitunum eru orðin sterkari og myndsynin magnaðri.

Myndir Einars Þorlákssonar virðast ekki njóta sín sem skyldi á veggjum Kjarvalsstaða t.d. skilar hin stóra mynd hans sér einungis í mikilli fjarlægð. Ein mynd hans kemst þó mikið best til skila og það er nr. 28 „Að vestan“, lítil en í senn litrænt mögnuð og gullfalleg.

Haukur Dór Sturluson sýnir einungis fjórar myndir, tvær keramik-grímur og tvær teikn-



Hluti af mynd Hringa Jóhannessonar „Bíðukolla“.



Sex af ellefu sýnenda á Vetrarmynd — Sigurður Örlýgsson, Baltazar, Hringur, Sigríður Jóhannsdóttir, Leifur Breiðfjörð og Magnús Tómasson.

kjarninn virðist einmitt hafa viljað forðast frá upphafi. Þetta verður þannig ekki eins margræður kokteill eins og stundum áður þrátt fyrir aukinn fjölda sýnenda og hefði fyrirtækið þannig orðið ólíkt bragðmeira ef einnig hefði einhver eldri listamaður verið dreginn fram með splunkuný verk. — Svo er mitt mat.

„Dalalæða (39)“, bregður fyrir austrænum dularmögnum og þokka, sem gæti verið vísir að nýjum landvinningum á hinu afmarkaða sviði.

Við upptalningu sýnenda vil ég að öðru leyti halda mér við stafrófið og er þá Baltazar næstur á blaði með færni sína og teiknirænu fimleika. Hann sýnir nefnilega að þessu sinni einungis

ingar. Ég held að grímurnar hefðu notið sín stórum betur á hvítum grunni því að striginn virðist draga úr áhrifum þeirra. Teikningarnar eru frísklegar og mjög í ætt Bacons.

Vefnaður hjónanna Sigríðar Jóhannsdóttur og Leifs Breiðfjörð kemur á óvart, — ekki máski myndirnar sjálfar heldur hin sérstæða, blíða og ánægju-

lega samvinna. Leif tel ég sterkari í glerinu og hér virðist eiginlega ekki mikið færst í fang. Vinnubrögðin eru mjög menningarleg og í ágætasta lagi, íhaldssöm í útfærslu og þannig séð koma myndirnar ekki á óvart. Litlu myndirnar hrifu mig mest einkum myndin „Haust“ (48). En ég bið þess að hjónakornin færast meira í fang því að

ég efa ekki að þau geti náð langt með áframhaldandi samvinnu, en hér þurfa þau visast að ástunda meiri reglusemi þ.e. rifast reglulega...

Magnús Tómasson heldur sínu striki í myndsköpun sinni í blandaðri tækni. Vinnubrögðin eru nostursamleg og minna töluvert á leiksviðsverk í dýpt, rúmi og hugleiðingum um víddir eins og nöfn myndanna gefa til kynna. Ég held að slíkar myndir komi betur til skila í afmörkuðu rými t.d. svipað og í Gallerí SÚM eins og við munum eftir því.

Myndskúlptúr Nielsar Hafstein verður best lýst með skilgreiningu hans sjálfs (Sundfugl og straujárn. Eir og pappír 1971–81). Líkt er um línið sem straujárníð sléttar og þá lygnu sem vaknar þegar fuglinn syndir á vatninu. Verkið nýtur sín alls ekki á þessum stað, — hverfur næstum.

Sigurður Örlýgsson sýnir 12 myndir í blandaðri tækni og njóta myndir hans sín mjög vel á endavegg og þykir mér þetta öflugsta framlag Sigurðar á samsýningu til þessa, — hinar millistóru myndir hans „Ástar-hjól“ (59), „Lyftuhjól með meiru“ (61) og „Þríhjól“ (67) eru mjög hreint hugsuð verk og hrifmikil.

Yngstur sýnenda er svo Þór Vigfússon, sem færast mikið í fang með sérkennilegum flatarmálsmyndum (konkret). Sérkennilegum hér við Dumbshaf en gamalkunnum þeim er sáu slíkt á sýningum á meginlandinu fyrir mörgum árum. Hér spái ég engu um framhaldið en hraustlega er að verki staðið.

Sýningin Vetrarmynd er orðin drjúgur listviðburður sem vert er allrar athygli og verðskuldar mikla aðsókn. Eitt er enn ótalið um sérkenni framtaksins og það er sýningartíminn, en aðstandendurnir velja jafnan einhvern dauðasta tíma ársins til sýningarhalds þ.e. desember eða janúar. Og samt hefur framtakið gengið með ágætum þótt sala sé með minnsta móti í ár en það gerir visast myntbreytingin og varkárni fólks og aðhaldssemi fyrst í stað, — ásamt ótal gleðigjöfum frá hinu opinbera í formi reikninga svo og fallinna víxla teknum fyrir hátíðirnar. Mannfólkið reikar því um unaðslund þjóðfélagsins í myndrænni sælufímu og sviflétt í spori enda er ekki í kot vísað er buddan er orðin náskyld ríkiskassanum, — galtóm...

— Ég þakka bara fyrir mig með virktum og óska sýningarsamtökunum velfarnaðar og langlífi —

KAUPMENN-VERSLUNARSTJÓRAR

## ÁVEXTIR VIKUNNAR

Appelsínur — Sítrónur — Greipaldin — Greipaldin  
rautt — Epli rauð — Epli græn — Vínber græn —  
Vínber blá — Perur — Plómur — Melónur —  
Ananas — Kiwi — Bananar.

EGGERT KRISTJÁNSSON HF  
Sundagörðum 4, sími 85300